

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

for@for.is

30. apríl 2019

Efni: Loftslagsbreytingar. Þróun lausna og bætt nýting auðlinda. Mál S-103/2019.

Í skjalinu sem kynnt er á samráðsvef stjórnvalda er verkefninu lýst þannig „að fjalla um þau tækifæri sem eru til staðar á Íslandi til að íslenskt hugvit verði leiðandi við þróun, nýsköpun og hönnun verkfræðilegra lausna sem geta dregið úr væntanlegum áhrifum loftslagsbreytinga hér á landi og um heim allan. Viðfangsefnið er m.a. að velta fyrir sér þróun ólíkra sviðsmynda í framtíðinni á grundvelli þeirrar tækni sem er í þróun og tækni sem enn á mögulega eftir að finna upp.”

Loftslagsbreytingar eru alþjóðlegur vandi sem engin ein þjóð getur leyst. Lausnin getur heldur ekki orðið ein. En með alþjóðlegu samstarfi þar sem hver um sig leggur fram tillögur og aðgerðir þar sem þekking, hugvit, mannaflí, fjármagn og vilji er til staðar er unnt að finna fjölbreyttar lausnir sem hver um sig vegur lítið en þegar allt kemur saman má ná verulegum árangri.

Þessar aðgerðir hljóta að beinast að því í fyrsta lagi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með nýsköpun á öllum sviðum einkum á orkukerfum heimsins og fjárfestingu í nýrri tækni, í öðru lagi með aðlögun að loftslagsbreytingum og í þriðja lagi með mótvægisáðgerðum sem binda kolefni ýmist í gróðri eða jarðlögum.

Íslendingar búa yfir gríðarlegri þekkingu á orkumálum, nýtingu vatnsafls og jarðvarma, og hafa sýnt að þessa þekkingu má nýta víða. Á þessu sviði er unnt að gera enn betur og mikilvægt að stjórnvöld og atvinnulíf taki höndum saman um að kynna þekkingu og reynslu sem hér er að finna og þróa hana áfram.

Nauðsynlegt er að gera aðlögun að loftslagsbreytingum hærra undir höfði og huga að skipulagi lands, byggða og atvinnulífs með hliðsjón t.d. af hækkandi sjávarstöðu.

Einnig nýtist landgræðsla, skógrækt, endurheimt votlendis og binding í jarðlögum til að draga kolefni úr andrúmsloftinu.

Nauðsynlegt er að beina aðgerðum hér að vænlegustu verkefnum á hverjum tíma þ.e. þeim sem mestum árangri geta skilað miðað við fjármagn sem til staðar

er. Fyrirmynd má finna í umsóknar- og matskerfi Tækniþróunarsjóðs þar sem lagt er faglegt mat á umsóknir og krafist mótframlaga frá umsækjendum. Það er hins vegar erfitt að segja fyrir um það hvernig tækni muni þróast og hvaða lausnir ná fótfestu. Ætíð þurfa að vera til möguleikar til að hjálpa óvæntum tillögum að þróast.

Virðingarfyllst,
Fh. Samtaka atvinnulífsins



Pjetur Keimursson